

Skipulagsstofnun
Birna Björk Árnadóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. febrúar 2012
Tilvísun: UST20111200170/mik

Efni; Heiðarár- og Þverárvirkjana í Bláskógabyggð. Frekari umsögn

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 1. febrúar sl. þar sem óskað er frekari umsagnar stofnunarinnar í ljósi viðbragða framkvæmdaraðila um Heiðarár- og Þverárvirkjana í Bláskógabyggð. Umhverfisstofnun hafði veitt umsögn þann 13. janúar síðastliðinn og taldi að frekari upplýsinga væri þörf um framkvæmdina svo hægt væri að veita umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunnar var bent á að fyrirhugaðir vegir á framkvæmdarsvæði og framkvæmdir virkjananna samræmdust ekki aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012.

Einnig taldi stofnunin að kanna þyrfti betur hvaða áhrif skerðing á rennsli Þverár og Heiðarár gæti haft á lífríkið á neðri hluta vatnasviðsins.

Samræmi við skipulagsáætlanir

Í svari framkvæmdaraðila vegna fyrirhugaðra vega á framkvæmdarsvæði segir „*framkvæmdaraðili hefur haft samband við skipulagsyfirvöld á staðnum og mun senda inn beiðni til sveitastjórnar um að setja vegi inn á aðalskipulag*“ .

Í svari framkvæmdaraðila um samræmi aðalskipulags og framkvæmdar segir „*Áður en tilkynning um matskyldu var send inn til Skipulagsstofnunar var haft samband við skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar, en innan þess sveitarfélags er Laugardalshreppur, og núverandi framkvæmd lýst og jafnframt öll gögn send sem send voru inn til Skipulagsstofnunar. Núverandi framkvæmd er því að mati framkvæmdaraðila í góðu samræmi við núgildandi aðalskipulag*“ . Umhverfisstofnun hafði samband við Skipulagsstofnun og fékk þau svör að þetta mál verði skoðað með skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar og framkvæmd verði gerð skil í breyttu aðalskipulagi Laugardalshrepps

Náttúrufar og lífríki

Í svari framkvæmdaraðila vegna áhrifa framkvæmda á lífríki neðar á vatnasviðinu segir „*framkvæmdaraðili mun í samvinnu við Fiskistofu láta fara fram fiskifræðilega úttekt á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast við gerð virkjunar og verður þá jafnframt skoðað hvort koma megi við einhverjum mótvægisáðgerðum, ef minnkað rennsli Grafarár veldur verulegu tjóni á uppeldisskilyrðum. Þessi fiskifræðilega úttekt verður framkvæmd áður en framkvæmdarleyfi verður gefið út þar sem Fiskistofa er leyfisveitandi vegna framkvæmdarleyfis*“.

Einnig segir í svari framkvæmdaraðila að það sé mat hans að þar sem framkvæmdarsvæðið liggja á vatnsmiklu svæði og grunnvatn rennur frá stóru svæði (Lyngdalsheiði) að áhrif framkvæmdar á vatnasvið utan framkvæmdarsvæðis verði litlar sem engar.

Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að enn vanti veigamiklar upplýsingar um áhrif framkvæma á lífríki svæðisins og að ekki sé hægt að meta þau umhverfisáhrif sem framkvæmdin gæti valdið fyrir en niðurstöður Fiskistofu á fiskifræðilegri úttekt liggur fyrir. Umhverfisstofnun telur því að ekki hafi komið fram frekari upplýsingar sem breytt geti niðurstöðum fyrri umsagnar stofnunarinnar í ljósi skorts á ofangreindum upplýsingum.

Virðingarfyllt

A. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur

